

HEST2HR05

Búið til: Mon, 04 Jan 2021 13:46:20 GMT

Titill

Hestamennska

Skammstöfun

HEST2HR05

Útgáfunúmer

10

Námsgrein

hestamennska

Viðfangsefni

Hesturinn og reiðmaðurinn

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn er tvískiptur og hefst hann á umfjöllun um hestinn sjálfan en í seinni hlutanum verður einblínt á reiðmanninn. Í fyrri hluta áfangans verður farið m.a. yfir uppruna og sögu íslenska hestsins ásamt sögu reiðmennskunnar. Skoðaðir verða grunnþættir í atferli, eðli og hegðun, skapi og skynjun og skynfærum hesta. Nemendur læra hvernig leggja skuli mat á andlegt og líkamlegt ástand hesta og mikilvægi þess að tileinka sér rétt viðhorf gagnvart hestinum. Fjallað verður um helstu undirstöðuatriði varðandi fóðrun og umhirðu hesta, s.s. hófhirðu, feldhirðu og heilbrigði. Í seinni hluta áfangans verður nemendum kennt helstu þjálfunarhugtök og skilgreiningar sem liggja þeim að baki. Farið verður yfir helstu þjálfunarstig klassískrar reiðmennsku og grunnatriði þjálfunar. Kennð verða undirstöðuatriði í hestamennsku, helstu ásetur, líkamsbeitingar og taumhald. Þar að auki eru kynnt fyrir nemendum helstu reiðtygi, notkun þeirra og umhirða. Lögð verður áhersla á knapann, líkamsbeitingu, jafnvægi, viðhorf og andlegan líðan.

Forkröfur

INNÁ1IN05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sögu íslenska hestsins og sögu reiðmennskunnar
- grunnþáttum í atferli, eðli og hegðun, skapi og skynjun og skynfærum hestsins
- undirstöðuatriðum í fóðrun og umhirðu hesta
- grunnatriðum í þjálfun hesta og líkamsbeitingar og andlegs viðhorfs knapa

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig á skýran, gagnrýnninn og skapandi hátt um þá þekkingu sem þeir öðlast í áfanganum
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við útfærslu sjálfstæðs lokaverkefnis
- beita þeim þekkingaratriðum sem þeir öðlast í áfanganum á viðfangsefni tengd hestamennskunni
- lesa og fjalla um sögu hestsins og atferli hans á gagnrýnninn og fræðilegan hátt
- flytja af öryggi vel byggðan fyrirlestur sem tengist hestamennsku eða reiðmennsku

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- átta sig á mikilvægi andlegrar líðanar bæði hests og knapa
- tjá rökstudda afstöðu og taka þátt í málefnalegri umræðu um reiðmennsku
- sýna þroskaða siðferðisvitund, vísðýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina.

Skólar

Fyrirmynd